



NÁTTÚRUSTOFA SUÐURLANDS

Umhverfis- og skipulagsráð Vestmannaeyjabæjar
B.t. Dagný Hauksdóttir
Skipulags- og byggingafulltrúi Vestmannaeyjabæjar

Vestmannaeyjar 23. Júní 2023

Ráðgjöf Náttúrustofu Suðurlands varðandi lundaveiði 2023 í Vestmannaeyjum.

Náttúrustofa Suðurlands mælir ekki með því að lundaveiðar verði heimilaðar 2023. Ef Umhverfis- og skipulagsráð ákveður að leyfa takmarkaðar veiðar er lagt til að veiðimenn stilli veiði í hóf, þ.e.a.s. veiði fyrir sjálfa sig en ekki í atvinnu eða hagnaðarskyni, sem og að skilgreint verði hvað felst í hóflegri veiði, t.d. 100 fuglar á mann.

Stofnbreytingar Íslenska lundastofnsins hafa verið rannsakaðar frá 2010 en frá 2007 í Vestmannaeyjum og niðurstöðurnar birtar í árlegum skýrslum á heimasíðu Náttúrustofunar: <https://nattsud.is/rannsoknir/lundavoktun/>

Hingað til hefur áhersla verið lögð á að rannsaka tímabilið frá 2003, þar sem mest er til af gögnum. Við athuganir í vor á öllum veiðitölum á lunda frá 1995 (www.ust.is) kemur í ljós 53% minnkun í veiði á landsvísu árin 1996-1999, sem endurspeglar sambærilega fækkun á ungfugli. Yfir 40% fækkun ungfugla til viðbótar hefur átt sér stað síðan 2003. Samantekið hefur Íslenski varpstofninn minnkað í kring um 70% frá 1995, en þess ber að geta að þessar tölur eru ekki endanlegar, og verða tíundaðar í skýrslu í september um þessar niðurstöður, líklegar ástæður þessarar fækkunar, hlutdeild veiða í fækkuninni, og m.a. lagt mat á áhrif hugsanlegs sölubanns. Á meðan stofninn er í svo mikilli niðursveiflu er rétt að staldra við og hafa varúðarreglu náttúruverndarlaga í huga, í stofnfækkun er öll veiði stofnvistfæðilega ósjálfbær og stuðlar beint að frekari fækkun.

Að lokum má geta þess að mælingu á búðar í Stórhöfða lauk í gær og er 67% (m.v. 73% 2022). Þessi tala hækkar yfirleitt smávegis í seinni umferð okkar í júlí og segja má að þessi ár séu eins, sem er góðs viti þótt mjög lítið hafi sést af lunda í byggðunum það sem af er sumri. Í júlí verður einnig hægt að tímasetja pýsjutímabilið.

Virðingarfyllt,



NÁTTÚRUSTOFA SUÐURLANDS

Erpur Snær Hansen

Erpur Snær Hansen,

Forstöðumaður Náttúrustofu suðurlands